

Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál

Tímabil áætlunar: 2020-2022

Ríkisaðili	Kvennaskólinn í Reykjavík			Ráðuneyti	Mennta- og menningarmálaráðuneytið		
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður Hjalti Jón Sveinsson						
<b>A Kjarnastarfsemi</b>							
<p><b>Skólinn er bekkjaskóli</b> og býður nám til stúdentsprófs á þremur námsbrautum; félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og hugvísindabraut. Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi aðalnámskrá. Námstími er sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að flestir ljúki stúdentsprófi á þremur árum. Inntökuskilyrði eru tilgreind á vef skólans sem og kröfur um námsframvindu.</p> <p>Gert er ráð fyrir 663 ársnemendum skólaárið 2019-2020 en 630 næstu þrjú árin. Á haustönn 2019 stunda 639 nemendur nám við skólann, áætlað er að 8 af þeim útskrifist í desember 2019.</p> <p>Með þessum áherslum í kjarnastarfsemi tekur skólinn virkan þátt í vinnu að markmiðum stjórnvalda um aðgang að fjölbreyttu námsframboði sem uppfyllir viðmið um gæði og að fleiri nemendur ljúki námi á tilskildum tíma.</p>							
<b>Markmið, mælikvarðar og aðgerðir</b>							
Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2018	Viðmið 2020	Viðmið 2022
A1	Að nemendur séu ánægðir og þeim líði vel í skólanum.		Hlutfall ánægðra nemenda	Viðhorfskannanir Kennslu- og áfangamat	97% forráðamanna <u>nýnema</u> töldu barnið sitt ánægt í skólanum	Kanna hjá nemendum á öllum námsárum. Ekki færri en 95% nemenda og forráðamanna telja sig eða barnið sitt ánægt í skólanum	Ekki færri en 95% nemenda og forráðamanna telja sig eða barnið sitt ánægt í skólanum

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2020-2022**

			Samsömum og félagsleg tengsl	Kannanir meðal nemenda  Samráðsfundir með umsjónarkennurum	89% töldu sig vera hluta af tilteknum hópi í skólanum (Borgarbörn, 2019)	Ekki færri en 90% telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum	Ekki færri en 90% telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum
			Vinnuandi í kennslustofum	Kennslu- og áfangamat og viðhorfskönnun	Hefur ekki verið kannað	Ekki færri en 80% telja vinnuandann í kennslustundum mjög/frekar góðan	Ekki færri en 90% telja vinnuandann í kennslustundum mjög/frekar góðan

**Tengist markmiði málaflokks**

*1. Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma*

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir
A1.1	Efla og endurskoða umsjónarkerfið til að styrkja betur bekkjarandann (endurskoða starfslýsingar)	Vor 2020	Vor 2021
A1.2	Aðlaga verkefnið Uppeldi til ábyrgðar betur að þörfum skólans og meta árangur í starfsmannakönnun	Haust 2019	Vor 2021
A1.3	Endurskoða kennslu- og áfangamat og leggja reglulega viðhorfskannanir fyrir nemendur	Vor 2020	Á hverju ári

Nr.	Markmið	HM	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2018	Viðmið 2020	Viðmið 2022
A2	Að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms		Hlutfall nemenda í framhaldsnámi	Gögn frá Hagstofu	87% nemenda sem útskrifuðust vorið 2016 voru í framhalds-	90% útskrifaðra nemenda fara í framhaldsnám	90% útskrifaðra nemenda fara í framhaldsnám

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2020-2022**

			Gengi nemenda í framhaldsnámi	Kannanir meðal útskrifaðra nemenda (og rýnihópar)	námi haustið 2018		
					85% sem útskrifuðust vorið 2015 töldu að námið í skólanum hafi verið góður undirbúningur fyrir frekara nám	90% telji námið í skólanum góðan undirbúning fyrir frekara nám	90% telji námið í skólanum góðan undirbúning fyrir frekara nám
<b>Tengist markmiði málaflokks</b>							
2. Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfu næsta skólastigs og/eða atvinnulífs							
<b>Nr.</b>	<b>Verkefni/aðgerðir</b>					<b>Upphaf</b>	<b>Endir</b>
A2.1	Gæta þess að fjöldi valáfanga á 3. þrepi sé nægur og í samræmi við aðgangsviðmið háskóla					Vor 2020	Vor 2022
A2.2	Þjóða uppá valáfanga í forritun/tölvufræði, fjölga valáföngum í stærðfræði fyrir F og H brautir og endurskoða námsáfangu á Hugvísindabraut					Vor 2020	Vor 2022
A2.3	Auka ráðgjöf og stuðning við nemendur þegar kemur að vali fyrir 3ja árið					Vor 2020	Vor 2021
<b>Nr.</b>	<b>Markmið</b>	<b>HM</b>	<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn til grundvallar</b>	<b>Staðan 2018</b>	<b>Viðmið 2020</b>	<b>Viðmið 2022</b>
A3	Efla mannauð, samskipti og samvinnu		Samráð um þarfir í endurmenntun	Starfsmannakönnun Niðurstöður rýnihópa kennara, vor 2019	43% svarhlutfall í könnun um húsþing skólans	Ekki færri en 75% starfsmanna svari könnun þar sem spurt er um endurmenntun á vegum skólans	85% eða fleiri eru ánægðir með skipulag, framkvæmd og framboð á endurmenntun / fræðslu-erindum í skólanum

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2020-2022**

			Samráð stjórnenda og starfsmanna um stefnu og gildi skólans	Niðurstöður samráðsfunda og umbótaáætlanir	Ekki komið í framkvæmd	Reglulegir samráðsfundir stjórnenda og fulltrúa kennarafélags skólans a.m.k. tvisvar á ári Skipulögð fræðsludagskrá miðist við alla starfsmenn skólans	Samráðsfundir verði eðlilegur hluti af starfsemi skólans  Skipulögð fræðsludagskrá miðist við alla starfsmenn skólans og handbók starfsmanna endurskoðuð og birt bæði á íslensku og pólsku
<b>Tengist markmiði málaflokks</b>							
<i>1. Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma</i>							
<b>Nr.</b>	<b>Verkefni/aðgerðir</b>					<b>Upphaf</b>	<b>Endir</b>
A3.1	Óskir og þarfir um endurmenntun könnuð með reglubundnum hætti					Haust 2018	Vor 2022

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2020-2022**

<b>A3.2</b>	Endurskoða skipurit skólans með það fyrir augum að efla og styrkja fagstjórastarfið til að auka samstarf milli námsgreina og innan skyldra greina	Vor 2020	Haust 2020
<b>A3.3</b>	Tryggja erlendum starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum t.d. með túlkaþjónustu og hvetja þá til þátttöku	Vor 2020	Vor 2022

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2020-2022**

B Rekstrarþættir						
<p>Við skólann starfa nú 68 starfsmenn í 60,8 stöðugildum. <b>Á kennslusviði</b> starfa kennarar, 40 konur og 12 karlar, eru 52 í 45,7 stöðugildum, þar af eru tvö stöðugildi í veikindaleyfi. Fjórir starfsmenn sem sinna kennslu eru án kennsluréttinda eða 5,2% af heildar stöðugildum í kennslu. Áfram er gert ráð fyrir nokkurri endurnýjun starfsmanna á tímabilinu. Í nóvember 2019 eru 13 kennarar 60 ára eða eldri og verða 18 árið 2022. Af fjölda starfsmanna á kennslusviði á <b>sviði nemendapjónustu</b> eru tvær konur í 110% starfi náms- og starfsráðgjafa og sinna kennslu að hluta. Í nemendapjónustu starfar einnig sálfræðingur (kk) í 40% stöðu veitir nemendum þjónustu á sviði sálgæslu.</p> <p><b>Á þjónustusviði</b> starfa 11 starfsmenn, 5 karlar í 4,7 stöðugildum og 6 konur í 5 stöðugildum. 5 starfsmenn eru eldri en 60 ára en verða orðnir 7 árið 2022. Af starfsfólki á þjónustusviði eru 1,6 stöðugildi í veikindaleyfi. Ráðið hefur verið í stöðu skjalastjóra í fullt starf til eins árs og er það ný staða.</p> <p>Í <b>yfirstjórn</b> skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, námstjóri og fjármála- og skrifstofustjóri, allir í 100% stöðu. Í þeim hópi eru þrjár konur og einn karl og tveir af fjórum eldri en 60 ára.</p> <p>Gert er ráð fyrir fækkun ársnemenda á næsta ári en haldist óbreytt 2021 og 2022. Því er ekki reiknað með teljandi breytingum á starfsliði annarri en eðlilegri endurnýjun.</p> <p>Á heimasíðu skólans, <a href="http://www.kvenno.is">www.kvenno.is</a>, er að finna jafnréttisstefnu, umhverfisstefnu, heilsustefnu, forvarnarstefnu, starfsmannastefnu, stefnu um öryggismál og samgöngustefnu en að auki er þar að finna eineltisáætlun, áfallaáætlun, rýmingaráætlun og áætlun um viðbrögð við vá. Ytra mat á starfsemi skólans var framkvæmt af Menntamálastofnun á vorönn 2019. Matsteymi var stofnað á haustönn 2018 til að sinna innra mati og taka þátt í undirbúningi ytra mats ásamt því að skipuleggja og halda áfram innra mati á skólastarfinu.</p>						
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2018	Viðmið 2020	Viðmið 2022
B1	Að starfsemi skólans snerti öll heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun	Fræðsluerindi á húsþingum og á kennarafundum.  Stuðningur við vinnuhópa starfsmanna þar sem unnið er með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Dagskrá húsþinga og kennarafunda  Hugmyndir kennara um endurbætur í skólastarfinu (niðurstöður rýnihópa vor 2019)  Starf umhverfisráðs	Skólinn Unesco-skóli	Húsþing haldið vor og haust Gera heimsmarkmið SP sýnileg í öllum byggingum skólans (veggspjöld)	Húsþing haldið vor og haust  A.m.k. 2 fræðsluerindi á skóla-/kennarafundum á önn

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2020-2022**

			Skýrsla jafnréttis- fulltrúa Gátlistar heilsueflandi framhaldsskóla frá embætti Landlæknis Niðurstöður Ytra mats haust 2019 (tækifæri til umbóta)		A.m.k. 2 fræðsluerindi á skóla- /kennara- fundum á önn  Leggja áherslu á heims- markmið SP og hvetja til aukinnar þátttöku í Unesco-skóla verkefninu	Að heims- markmið SP verði sýnilegur og mælanlegur hluti af starfsemi skólans
		Samgöngusamningur í gildi fyrir vistvænni og heilsusamlegri samgöngumáta	Samgöngustefna mótuð og samþykkt 2014	Samgöngu- styrkur greiddur þeim sem gera samgöngu- samning. 10% starfsmanna hafa gert samgöngu- samning	Endurskoða samgöngu- styrk og bæta aðstöðu fyrir starfsmenn sem nýta sér vistvænar samgöngur	Fjölga starfsmönnum sem nýta sér vistvænar samgöngur. Ekki færri en 25% starfsmanna með samgöngu- samning

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2020-2022**

Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir			
B1.1	Óskir og þarfir um endurmenntun innahúss könnuð með reglubundnum hætti	Haust 2018	Vor 2021			
B1.2	Samgöngustefna/samgöngustyrkur endurskoðuð með áherslu á vistvænar og heilsusamlegar samgöngur	Haust 2019	Haust 2021			
B1.2	Auka fræðslu um heimsmarkmið SP og hvernig má innleiða þau í starfsemi skólans	Vor 2020	Vor 2022			
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2018	Viðmið 2020	Viðmið 2022
B2	Að nemendum og starfsmönnum verði skapaðar góðar vinnuáætlaðar	Húsbúnaður í kennslustofum endurnýjaður	Endurnýjun lokið í þremur stofum af 30	Verkefni hafið, útfærslur prufaðar	Endurnýjað í 5-8 stofum	Endurnýjun lokið í 20 stofum
		Skjávarpar sem úreldast endurnýjaðir með sjónvarpssjám	Fjöldi nýrra tækja	6 skjáir endurnýjaðir	5-8 skjáir endurnýjaðir	Endurnýjun lokið í 20 stofum
		Aðalskrifstofa og kaffistofa í U endurnýjuð	Viðhald á vegum Ríkiseigna á aðalskrifstofu Endurnýjun á búnaði kaffistofu í U	Verkefni ekki hafið Verkefni hafið	Hönnun hafin og útfærsla valin Endurnýjun í U lokið	Verkefnum lokið
Nr.	Verkefni/aðgerðir	Upphaf	Endir			
B2.1	Endurnýjun á búnaði í kennslustofum, borð og stólar ásamt miðlunartækjum	2018	2025			
B2.2	Endurnýjun á húsbúnaði aðalskrifstofu í tengslum við viðhaldsvinnu Ríkiseigna	2020	2021			
B2.3	Endurnýjum á húsbúnaði á kaffistofu í U (Þingholtsstræti)	2019	2020			
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2018	Viðmið 2020	Viðmið 2022
B3	Starfsemi bókasafns verði í takti við tíðarandann sem upplýsinga- og vinnuáætlað	Safnkostur grisjaður og skráður í Gegni.	Safnkostur nú skráður í Metrabók – úrelt kerfi	Ónotaður bókakostur safnsins of stór	Skráningu í Gegni verði lokið	Útlán safngagna endurskoðuð
		Sköpuð verði rýmri lesaðstaða fyrir nemendur	Fjöldi bása í næði til vinnu fyrir nemendur	16 básar á safni, opið	Hönnunar- og tillöguvinna	Hönnunarvinnu lokið,



**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2020-2022**

				rými í tölvuveri	hefst haust 2020	framkvæmdir hafnar
	Tengingar við rafræna gagnabanka og upplýsingaveitur. Áskrift pappírsgagna hætt.	Áskrift að rafrænum gagnabönkum	Engin rafræn áskrift, tímarit í pappírs-áskrift	Grundvöllur rafrænna tenginga kannaður. Áskrift á pappír hætt		Notkun á rafrænum gagnabönkum könnuð meðal starfsmanna og nemenda
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Mótuð stefna til næstu ára í starfsemi og rekstri bókasafnsins				Vor 2020	Vor 2022
B3.2	Bókakostur safnsins grisjaður og skráður í Gegni				Vor 2020	Haust 2020
B3.3	Vinnuaðstaða endurskipulögð				Haust 2020	Haust 2025

## Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

### Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

### Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

### Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (*outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (*input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

**HM** er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

### Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

### Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsriðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

## Leiðbeiningar við móttun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

### Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

### Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í víðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

### Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

### Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangs röðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.